

**1988 nr. 50 24. maí****Lög um virðisaukaskatt****Upphafsaðkvæði.**

■ **1. gr.** Greiða skal í ríkissjóð virðisaukaskatt af viðskiptum innan lands á öllum stigum, svo og af innflutningi vöru og þjónustu, eins og nánar er ákveðið í lögum þessum.

**I. kafli. Skattskyldusvið.**

■ **2. gr.** [Skattskyldan nær til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra.]<sup>1)</sup> Með vörum í þessu sambandi teljast ekki fasteignir, en hins vegar rafmagn, varmi og önnur orka. Hluta-bréf, skuldabréf, eyðublöð og aðrir slíkir hlutir eru vörur þegar þeir eru látnir í té sem prentvarningur. Peningaseðlar, mynt og frímerki eru vörur þegar þeir hlutir eru seldir sem söfnunargripir.

□ Skattskyldan nær til allrar vinnu og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, sbr. þó 3. mgr.

□ [Eftirtalin vinna og þjónusta er undanþegin virðisaukaskatti:]<sup>1)</sup>

1. Þjónusta sjúkrahúsa, fæðingarstofnana, heilsuhæla og annarra hliðstæðra stofnana, svo og lækningar, tannlækningar og önnur eiginleg heilbrigðisþjónusta.

2. Félagsleg þjónusta, svo sem rekstur leikskóla, barnaheimila, skóladaðheimila og upptökuheimila og önnur hliðstæð þjónusta.

3. [Rekstur skóla og menntastofnana, svo og ökukennsla, flugkennsla og danskennsla.]<sup>1)</sup>

4. [Starfsemi safna, svo sem bókasafna, listasafna og náttúrugripasafna, og hliðstæð menningarstarfsemi. Sama gildir um aðgangseyri að tónleikum, íslenskum kvikmyndum, listdanssýningum, leiksýningum og leikhúsum, enda tengist samkomur þessar ekki á neinn hátt öðru samkomuhaldi eða veitingastarfsemi.]<sup>1)</sup>

5. [Íþróttastarfsemi, svo og [leiga á aðstöðu til íþróttastarfsemi],<sup>2)</sup> aðgangseyrir að sundstöðum, skíðalyftum, íþróttamótum, íþróttasýningum og heilsuræktarstofum.]<sup>1)</sup>

6. [Fólksflutningar. Flutningur á ökutækjum með ferjum, sem eru í beinum tengslum við fólksflutninga, telst til fólksflutninga samkvæmt þessum staflíð.]<sup>2)</sup>

7. [Póstþjónusta sem opinber aðili hefur einkaleyfi á, samkvæmt póstlögum, nr. 33/1986. Undanþágan nær einnig til viðtöku og dreifingar á öðrum árituðum bréfaþótsendingum, þar með talin póstkort, blöð og tímarit, og til almennra dreifisendinga og opinna bréfa.]<sup>3)</sup>

8. [[Fasteignaleiga og útleiga bifreiðastæða. Útleiga hótél- og gistihérbergja og útleiga tjaldstæða er þó skattskyld, svo og önnur gistipjónusta þegar leigt er til skemmri tíma en eins mánaðar.]<sup>2)</sup> Sama gildir um sölu á aðstöðu fyrir veitingar og samkomur þegar leigt er til skemmri tíma en eins mánaðar.]<sup>4)</sup>

9. Vátryggingarstarfsemi.

10. Þjónusta banka, sparisjóða og annarra lánastofnana, svo og verðbréfamíðlun.

11. Happdrætti og getraunastarfsemi.

12. Starfsemi rithöfunda og tónskálda við samningu hugverka og sambærileg liststarfsemi.

13. [Þjónusta ferðaskrifstofa.]<sup>2)</sup>

14. Útfararþjónusta og prestsþjónusta hvers konar.

15. ...<sup>1)</sup>

□ Undanþágur skv. 3. mgr. ná aðeins til sölu eða afhendingar vinnu og þjónustu sem þar getur, en ekki til virðisaukaskatts

(innskatts) af aðföngum til hinnar undanþegnu starfsemi, sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr.

□ [Góðgerðarstarfsemi er undanþegin skattskyldu,<sup>5)</sup> enda renni hagnaður af henni að öllu leyti til líknarmála. Skilyrði fyrir undanþágu er að starfsemin sé á ábyrgð og fjárhagsleg áhætta aðila og hann hafi fengið staðfestingu skattstjóra um að framangreind skilyrði séu uppfyllt. Eftirtalin starfsemi telst góðgerðarstarfsemi samkvæmt ákvæðinu:

1. basarsala, merkjasala og önnur hliðstæð sala góðgerðarfélaga, enda vari starfsemin ekki lengur en í þrjá daga í hverjum mánuði eða í fimmtán daga sé um árlegan atburð að ræða,

2. söfnun og sala verðlítilla notaðra muna, enda sé einungis selt til skattskyldra aðila,

3. sala nytjamarkaða á notuðum munum sem söluaðili hefur fengið afhenta án endurgjalds.]<sup>6)</sup>

□ [Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði fyrir undanþágum samkvæmt þessari grein.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 119/1989, 1. gr. Með l. 26/1991, 35. gr., er mælt fyrir um heimild fjármálaráðherra til að fella niður eða endurgreiða vsk. af gjöfum til björgunarsveita, mannúðarmála, líknarmála og vísindarannsóknna, en sú heimild var þó ekki felld inn í þessa grein l. 50/1988. <sup>2)</sup> L. 122/1993, 16. gr. <sup>3)</sup> L. 46/1995, 1. gr. <sup>4)</sup> L. 111/1992, 46. gr. <sup>5)</sup> Rg. 564/1989, sbr. 612/1995. <sup>6)</sup> L. 55/1997, 1. gr.

**II. kafli. Skattskyldir aðilar, aðilar undanþegnir skatti og tilkynningarskylda.**

■ **3. gr.** Skylda til að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð hvílir á þessum aðilum:

1. Þeim sem í atvinnuskyni eða með sjálfstæðri starfsemi sinni selja eða afhenda vörur eða verðmæti ellegar inna af hendi skattskylda vinnu eða þjónustu.

2. [Samvinnufélögum, svo og öðrum félögum og stofnunum, enda þótt þau séu undanþegin skattskyldu samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eða sérstökum lögum, að því leyti sem þessir aðilar selja vörur eða skattskylda þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Skattskyldan tekur einnig til þess þegar einungis er selt félagsmönnum eða eingöngu eru seldar skattskyldar vörur og þjónusta félagsmanna.]<sup>1)</sup>

3. Opinberum orku- og veitufyrirtækjum að því leyti sem þau selja skattskyldar vörur og þjónustu.

4. Ríki, bæjar- og sveitarfélögum og stofnunum eða fyrirtækjum þeirra að því leyti sem þeir aðilar selja vörur eða skattskylda þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki.

5. Uppboðshöldurum.

6. Umboðsmönnum og öðrum sem eru í fyrirsvari fyrir erlenda aðila sem reka hér á landi skattskyld viðskipti.

□ [Aðilar, sem hafa með höndum starfsemi sem fellur undir 3. og 5. mgr. 2. gr., skulu greiða virðisaukaskatt af skattskyldum vörum og þjónustu þegar vara er framleidd eða þjónusta innt af hendi eingöngu til eigin nota og í samkeppni við skattskylda aðila skv. 1. mgr. Jafnframt skulu aðilar sem stunda byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð á eigin kostnað, þar með talið viðhald og endurbætur, greiða virðisaukaskatt af eigin vinnu, vinnu starfsmanna og efnis- og tækjanotkun, hvort sem byggt er til sölu, leigu eða til eigin nota. Eigin vinna byggingaraðila er þó ekki skattskyld þegar aðili byggir eingöngu til eigin nota, enda noti hann ekki vinnuafll launþega við hönnun eða framkvæmdir og vinnan er ekki í iðn- eða sérfræðigrein hans eða sambærilegri grein. Þá skulu ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra greiða virðisaukaskatt af skattskyldum vörum og þjónustu vegna eigin nota, enda sé ekki um að ræða vinnu eða þjónustu skv. 3. mgr. 42. gr. sem innt er af hendi utan sérstaks fyrirtækis eða

þjónustudeildar. Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur<sup>2)</sup> um framkvæmd ákvæðisins, þar með talið um það hvenær starfsemi geti verið í samkeppni við atvinnufyrirtæki, skattverð, bókhald o.fl.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 111/1992, 47. gr. <sup>2)</sup> Rg. 562/1989, sbr. 143/1991. Rg. 576/1989. Rg. 248/1990, sbr. 601/1995. <sup>3)</sup> L. 55/1997, 2. gr.

■ **4. gr.** Undanþegnir skattskyldu skv. 3. gr. eru:

1. Aðilar sem eingöngu selja vöru eða þjónustu sem undanþegin er virðisaukaskatti.

2. [Listamenn, að því er varðar sölu þeirra á eigin listaverkum, enda falli listaverkin undir tollskrárnúmer 9701.1000–9703.0000, svo og uppboðshaldarar að því er varðar sölu þessara verka á listmunauppboðum, sbr. lög nr. 36/1987.]<sup>1)</sup>

3. Þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en [220.000 kr.]<sup>2)</sup> á ári.

4. [Skólamötuneyti.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 119/1989, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 55/1997, 3. gr.

■ **5. gr.** Hver sá, sem skattskyldur er skv. 3. gr., sbr. 4. gr., skal ótilkvaddur og eigi síðar en átta dögum áður en starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá skattstjóra þar sem hann er heimilisfastur. Breytingar, sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram, skal tilkynna eigi síðar en átta dögum eftir að breyting á sér stað.

□ Skattstjóri gefur út staðfestingu til skráningarskylds aðila um að skráning hafi átt sér stað.

□ Tilkynningar skv. 1. mgr. skal senda á þar til gerðum eyðublöðum sem ríkisskattstjóri lætur gera. Ríkisskattstjóri ákveður hvaða upplýsingar skuli gefa á þessum eyðublöðum.

□ [Nú hefur aðili, sem að mati skattstjóra bar að tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi skv. 1. mgr., eigi sinnt umræddri tilkynningarskyldu og skal þá skattstjóri úrskurða hann sem skattskyldan aðila samkvæmt ákvæðum 3. gr. og tilkynna aðilanum þar um.]<sup>1)</sup>

□ [Eigi skal skrá aðila samkvæmt þessari grein ef samlagðar tekjur hans af sölu skattskyldrar vöru og þjónustu eru að jafnaði lægri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti til starfseminnar, þar með talið vegna kaupa varanlegra rekstrarfjármuna. Þó á aðili rétt á skráningu ef hann sýnir fram á að kaup á fjárfestingarvörum standa í beinu sambandi við [sölu á skattskyldri vöru eða þjónustu í atvinnuskyni á síðari rekstrartímabilum].<sup>2)</sup>

□ Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð<sup>3)</sup> nánari ákvæði um skráningu, þar með talið um afturvirka skráningu til allt að sex ára og um tryggingu vegna skráningar skv. 2. málsl. 5. mgr.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 119/1989, 3. gr. <sup>2)</sup> L. 55/1997, 4. gr. <sup>3)</sup> Rg. 515/1996. <sup>4)</sup> L. 40/1995, 1. gr.

■ **6. gr.** Fjármálaráðherra getur sett reglur<sup>1)</sup> um að fyrirtæki, sem selja aðra þjónustu en þá sem skattskyld er skv. 2. gr., geti farið fram á skráningu (frjáls skráning).

□ Fyrirtæki, sem skráð eru samkvæmt heimild í 1. mgr., skulu greiða virðisaukaskatt af sölu þeirrar þjónustu sem hin frjálsa skráning nær til.

□ Skráning skv. 1. mgr. getur aldrei verið til skemmri tíma en tveggja ára.

□ Þeim, sem stunda byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð á eigin kostnað í þeim tilgangi að selja fasteignir skráðum aðilum samkvæmt lögum þessum, er heimilt að sækja um sérstaka skráningu til skattstjóra. Heimili skattstjóri slíka skráningu er aðila heimilt að færa til frádráttar sem innskatt virðisaukaskatt af öllum aðföngum er varða sölu hans á fasteign til hins skráða kaupanda, sbr. 1. mgr. 16. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um skilyrði sem uppfylla þarf til að öðlast skráningu samkvæmt þessari málsgrein, svo og um reikningshald og uppgjör til virðisaukaskatts samkvæmt henni.

<sup>1)</sup> Rg. 577/1989, sbr. 180/1993 og 697/1997. Rg. 487/1992. Rg. 170/1993. Rg. 63/1994. Rg. 125/1994.

### III. kafli. Skattverð.

■ **7. gr.** Skattverð er það verð sem virðisaukaskattur er reiknaður af við sölu á vörum og verðmætum, skattskyldri vinnu og þjónustu. Skattverð miðast við heildarendurgjald eða heildarandvirði hins selda án virðisaukaskatts.

□ Til skattverðs telst m.a.:

1. Skattar og gjöld samkvæmt öðrum lögum sem á hafa verið lögð á fyrri viðskiptastigum eða greidd hafa verið við innflutning til landsins eða virðisaukaskattsskyldur aðili á að standa skil á vegna sölu.

2. Umbúðakostnaður, sendingarkostnaður, váttryggingar og slíkur kostnaður sem er innifalinn í verði eða seljandi krefur kaupanda sérstaklega um.

3. Tengingar- og stofngjöld og aðrar fjárhæðir sem seljandi krefur kaupanda um sem skilyrði fyrir afhendingu skattskyldrar vöru og þjónustu.

4. Umboðs- og sölulaun og uppboðsþóknun.

5. Afslættir sem háðir eru skilyrðum sem ekki eru uppfyllt við afhendingu (reikningsútgáfu). Hins vegar skal óskilyrtur afsláttur, sem veittur er við afhendingu á hinni seldu vöru, vinnu eða þjónustu, dreginn frá söluverði við ákvörðun á skattverði.

6. Verðbætur sem falla til fram að afhendingu vöru eða þjónustu. Hins vegar teljast vextir og verðbætur, sem hvort tveggja er reiknað við sölu með afborgunarskilmálum, ekki með í skattverði enda sé sérstaklega tilgreint í kaupsamningi hver vaxta- og verðbótageiðsla sé hverju sinni.

7. Þjónustugjald sem ekki er innifalið í vöruverði.

■ **8. gr.** Þegar eigandi tekur út úr eigin fyrirtæki vörur eða skattskylda þjónustu til eigin nota skal skattverð miðast við almennt gangverð án virðisaukaskatts. Sama gildir um vörur og þjónustu sem fyrirtækið notar í öðrum tilgangi en varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða í tilgangi er varðar atriði sem rakin eru í 3. mgr. 16. gr.

□ Við skipti á vörum eða þjónustu eða við afhendingu vöru án endurgjalds skal miða skattverð við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Liggi slíkt almennt gangverð ekki fyrir skal miða skattverð við reiknað útsöluverð þar sem tekið er tillit til alls kostnaðar að viðbættir þeirri álagningu sem almennt er notuð á vörur eða þjónustu af sama tagi.

□ Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar skulu einnig gilda um skattskyldar vörur og þjónustu sem fyrirtæki notar til að byggja fasteign til notkunar fyrir eiganda þess. Hið sama gildir um skattskyldar vörur og þjónustu sem fyrirtæki notar til að byggja fasteign á eigin kostnað þegar nota á fasteignina í öðrum tilgangi en varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða til að byggja fasteign sem síðar á að selja eða leigja eða nota í tilgangi er varðar atriði sem rakin eru í 3. mgr. 16. gr.

□ [Ríkisskattstjóri skal gefa út reglur<sup>1)</sup> um mat til verðs samkvæmt þessari grein.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Augl. B 8/1994, sbr. 405/1997. <sup>2)</sup> L. 119/1989, 4. gr.

■ **9. gr.** Við viðskipti milli skyldra eða tengdra aðila skal miða skattverð við almennt gangverð í sams konar viðskiptum milli ótengdra aðila.

■ **10. gr.** [Við sölu notaðra vélknúinna ökutækja, sem seljandi hefur keypt til endursölu í atvinnuskyni, er honum heimilt að miða skattverð við 80,32% af mismun innkaupsverðs og söluverðs ökutækis að meðtöldum virðisaukaskatti. Sé söluverð lægra en kaupverð reiknast enginn skattur.

□ [Bíllaleigum og tryggingafélögum, sem vegna starfsemi sinnar hafa keypt notuð ökutæki, er heimilt að ákvarða skattverð skv. 1. mgr. við endursölu þeirra.]<sup>1)</sup>

□ Sé skattverð notaðra ökutækja ákvarðað með þeim hætti, sem lýst er í 1. og 2. mgr., má ekki tilgreina fjárhæð virðisaukaskatts á reikningi eða á annan hátt þannig að hægt sé að reikna út fjárhæð virðisaukaskattsins, hvorki vegna sölnunnar til endurseljandans né vegna endursölnunnar sjálfrar.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 40/1995, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 122/1993, 17. gr.

#### IV. kafli. Skattskyld velta.

■ **11. gr.** Til skattskyldrar veltu skráðs aðila telst öll sala eða afhending vöru og verðmæta gegn greiðslu, svo og seld vinna og þjónusta. Hér með telst andvirði vöru eða skattskyldrar þjónustu sem fyrirtæki selur eða framleiðir og eigandi tekur út til eigin nota. Til skattskyldrar veltu telst einnig andvirði skattskyldrar vöru og þjónustu sem fyrirtæki notar í öðrum tilgangi en varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða í tilgangi er varðar atriði sem rakin eru í 3. mgr. 16. gr.

□ Til skattskyldrar veltu telst sala eða afhending á vöru sem seld er í umsýslu- eða umboðssölu.

□ Til skattskyldrar veltu telst sala eða afhending á vélum, tækjum og öðrum rekstrarfjárumnum. Sama gildir um vöru- birgðir, vélar, tæki og aðra rekstrarfjárumni þegar fyrirtæki tilkynnir sig út af skrá, sbr. 1. mgr. 5. gr.

■ **12. gr.** Til skattskyldrar veltu telst ekki:

1. Vara sem seld er úr landi, svo og vinna og þjónusta sem veitt er erlendis. [Fjarskiptaþjónusta telst ekki vera veitt erlendis ef kaupandi hefur annaðhvort búsetu eða starfsstöð hér á landi.]<sup>1)</sup>

2. Vöruflutningar milli landa og vöruflutningar innan lands þegar flutt er beint til eða frá landinu.

3. Vinna við vöru á kostnað erlends aðila þegar fyrirtækið, sem annast vinnuna, flytur vöruna út að vinnu lokinni, svo og gerð og mótnun vöru á kostnað erlends aðila þegar framleiða á vöruna erlendis.

4. Hönnun, skipulagning, ætlanagerð og önnur sambærileg vinna er varðar byggingar og aðrar fasteignir á erlendri grund.

5. Vistir, eldsneyti, tæki og annar búnaður sem afhentur er til nota um borð í millilandaförum, svo og sú þjónusta sem veitt er slíkum förum. Undanþága þessi nær þó ekki til skemmtibáta og einkaloffara.

6. [Sala og útleiga loftfara og skipa. Undanþága þessi nær þó ekki til skipa sem eru undir 6 metrum að lengd, skemmtibáta eða einkaloffara.]<sup>2)</sup>

7. [Skipasmíði og]<sup>3)</sup> viðgerðar- og viðhaldsvinna við skip og loftför og fastan útbúnað þeirra, svo og efni og vörur sem það fyrirtæki, sem annast viðgerðina, notar og lætur af hendi við þá vinnu. [Undanþága þessi nær þó ekki til skipa sem eru undir 6 metrum að lengd, skemmtibáta eða einkaloffara.]<sup>2)</sup>

8. [Samningsbundnar greiðslur úr ríkissjóði vegna mjólkurframleiðslu og sauðfjárframleiðslu.]<sup>4)</sup>

[9. Þjónusta sem veitt er erlendum fiskiskipum vegna löndunar eða sölu afla hér á landi.

10. [Sala á þjónustu til aðila sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi, enda sé þjónustan nýtt að öllu leyti er-

lendis. Skattskyld þjónusta, sem veitt er í tengslum við menningarstarfsemi, listastarfsemi, íþróttastarfsemi, kennslustarfsemi og aðra hliðstæða starfsemi sem fram fer hér á landi og er undanþegin skattskyldu skv. 3. mgr. 2. gr. laganna, telst ávallt nýtt hér. Jafnframt er sala á þjónustu til aðila sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi undanþegin skattskyldri veltu þó að þjónustan sé ekki nýtt að öllu leyti erlendis ef kaupandi gæti, væri starfsemi hans skráningarskyld hér á landi, talið virðisaukaskatt vegna kaupa þjónustunnar til innskatts, sbr. 15. og 16. gr. Eftirtalin þjónusta fellur undir þennan tölulið:

a. framsal á höfundarrétti, rétti til einkaleyfis, vörumerkis og hönnunar, svo og framsal annarra sambærilegra réttinda,

b. auglýsingaþjónusta,

c. ráðgjafarþjónusta, verkfræðiþjónusta, lögfræðiþjónusta, þjónusta endurskoðenda og önnur sambærileg sérfræðiþjónusta, þó ekki vinna við eða þjónusta sem varðar lausafjármuni eða fasteignir hér á landi,

d. tölvuþjónusta, önnur gagnavinnsla og upplýsingamiðlun,

e. kvaðir og skyldur varðandi atvinnu- eða framleiðslustarfsemi eða hagnýtingu réttinda sem kveðið er á um í þessum tölulið,

f. atvinnumiðlun,

g. leiga lausafjármuna, þó ekki neins konar flutningatækja,

h. þjónusta milligöngumanna sem fram koma í nafni annars og fyrir reikning annars að því er varðar sölu eða afhendingu þjónustu sem um ræðir í þessum tölulið,

i. fjarskiptaþjónusta.]<sup>5)</sup><sup>1)</sup>

11. [Þjónusta sem felst í endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsettra erlendis.]<sup>5)</sup>

□ Fjármálaráðherra getur í reglugerð<sup>6)</sup> sett nánari skilyrði fyrir undanþágum skv. 1. mgr. . . .<sup>1)</sup>

□ Til skattskyldrar veltu telst ekki sala á vörum sem keyptar hafa verið eða notaðar í þeim tilgangi eingöngu er um ræðir í 3. mgr. 16. gr.

□ Eignayfirfærslu vörubirgða, véla og annarra rekstrarfjármuna má ekki telja til skattskyldrar veltu þegar yfirfærslan á sér stað í sambandi við eigendaskipti á fyrirtæki eða hluta þess og hinn nýi eigandi hefur með höndum skráðan eða skráningarskyldan rekstur samkvæmt lögum þessum. Við slíka sölu skal seljandi tilkynna skattyfirvöldum um eigendaskipti og söluandvirði eigi síðar en átta dögum eftir að eignayfirfærsla fór fram.

<sup>1)</sup> L. 55/1997, 5. gr. <sup>2)</sup> L. 111/1992, 48. gr. <sup>3)</sup> L. 119/1989, 6. gr. <sup>4)</sup> L. 122/1993, 18. gr. <sup>5)</sup> L. 115/1997, 1. gr. <sup>6)</sup> Rg. 500/1989, 563/1989, 194/1990.

#### V. kafli. Uppgjör skattskyldrar veltu.

■ **13. gr.** Skattskyld velta á hverju uppgjörstímabili, sbr. 24. gr., telst heildarskattverð allra vara sem afhentar hafa verið, svo og heildarskattverð allrar skattskyldrar vinnu og þjónustu sem innt hefur verið af hendi á tímabilinu.

□ [Ef gefinn er út reikningur vegna afhendingar telst hún hafa farið fram á útgáfudegi reiknings, enda sé reikningur gefinn út fyrir eða samtímis afhendingu.]<sup>1)</sup>

□ Þegar greiðsla fer fram að fullu eða að hluta áður en afhending á sér stað teljast [80,32%]<sup>2)</sup> af hinni mótteknu fjárhæð til skattskyldrar veltu á því tímabili sem greiðsla fer fram, [eða 87,72% þegar um er að ræða sölu skv. 2. mgr. 14. gr.].<sup>1)</sup> . . .<sup>2)</sup>

□ Vörur, sem afhentar eru til umsýslu- eða umboðssölu, má annaðhvort telja til skattskyldrar veltu á því uppgjörstímabili

þegar afhending fer fram eða til veltu þess tímabils þegar gert er upp við umsýslu- eða umboðsmann. Sé síðarnefnda aðferðin valin má ekki gefa út reikning skv. 20. gr. fyrr en uppgjörið fer fram.

□ Við uppgjör á skattskyldri veltu er seljanda heimilt að draga frá sem hér segir:

1. [80,32%]<sup>2)</sup> þeirrar fjárhæðar sem hann endurgreiðir viðskiptavininum sínum vegna endursendra vara, [eða 87,72% þegar um er að ræða sölu skv. 2. mgr. 14. gr.].<sup>1)</sup>

2. [80,32%]<sup>2)</sup> af töpuðum útistandandi viðskiptaskuldum, enda hafi hin tapaða fjárhæð áður verið talin til skattskyldrar veltu, [eða 87,72% þegar um er að ræða sölu skv. 2. mgr. 14. gr.].<sup>1)</sup> Fáist fjárhæðin síðar greidd skulu [80,32%]<sup>2)</sup> hennar talin með skattskyldri veltu á því tímabili þegar hún fæst greidd, [eða 87,72% þegar um er að ræða sölu skv. 2. mgr. 14. gr.].<sup>1)</sup>

3. Afslátt sem veittur er eftir að afhending hefur átt sér stað ef hann er veittur aðila sem getur dregið virðisaukaskattinn frá sem innskatt í uppgjöri sínu, sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr., og skilyrði til að veita afslátt voru ekki fyrir hendi við afhendingu. Afsláttur af þessu tagi til annarra er ekki frádráttarbær. Frádráttur samkvæmt þessum tölulíð er háður því að gefinn sé út innleggssreikningur (krediteikningur) fyrir afsláttinum og fjárhæð skattsins komi þar einnig fram, sbr. 1. og 3. mgr. 20. gr.

□ Skattskyld vara og þjónusta, sem eigandi tekur út úr eigin fyrirtæki, telst til skattskyldrar veltu á því uppgjörstímabili þegar úttektin á sér stað. Sama gildir um skattskylda vöru og þjónustu sem fyrirtæki notar í öðrum tilgangi en varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða í tilgangi er varðar atriði sem rakin eru í 3. mgr. 16. gr.

<sup>1)</sup> L. 111/1992, 49. gr. <sup>2)</sup> L. 119/1989, 7. gr.

## VI. kafli. Skatthlutfall.

■ **14. gr.** [Virðisaukaskattur skal vera 24,5% og rennur hann í ríkissjóð.]<sup>1)</sup>

□ [Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal virðisaukaskattur af sölu á eftirtalinni vöru og þjónustu vera 14%:

1. ...<sup>2)</sup>
2. Útleiga hótél- og gistihverbergja og önnur gistiþjónusta.
3. ...<sup>2)</sup>
4. Afnotagjöld útvarpsstöðva.
5. Sala tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða.
6. Sala bóka á íslenskrri tungu, jafnt frumsaminnna sem þýddra.
7. Sala á heitu vatni, rafmagni og olfu til hitunar húsa og laugarvatns.<sup>3)</sup>

[8. Sala á matvörum og öðrum vörum til manneldis samkvæmt nánari afmörkun í reglugerð,<sup>4)</sup> þó ekki sala á sælgæti og drykkjarvörum og fleiri vörum sem [flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í viðauka við lög þessi]<sup>5)</sup> né sala á áfengum drykkjum og ógerilsneyddri mjólk. Sala veitinga-húsa, mótuneyta og annarra hliðstæðra aðila á tilreiddum mat og þjónustu er þó skattskyld skv. 1. mgr. þessarar greinar.]<sup>2)</sup>

[9. Aðgangur að vegamannvirkjum.]<sup>6)</sup>

<sup>1)</sup> L. 119/1989, 8. gr. <sup>2)</sup> L. 122/1993, 19. gr. <sup>3)</sup> L. 111/1992, 50. gr. <sup>4)</sup> Rg. 554/1993, sbr. 30/1994, 147/1994, 335/1994 og 502/1995. <sup>5)</sup> L. 149/1996, 1. gr. <sup>6)</sup> L. 80/1998, 1. gr.

## VII. kafli. Uppgjör á virðisaukaskatti.

■ **15. gr.** Skattskyldir aðilar skv. 3. gr. skulu greiða í ríkissjóð mismun útskatts og innkatts hvers uppgjörstímabils,

sbr. 24. gr. Sé innskattur á uppgjörstímabili hærri en útskattur skal ríkissjóður endurgreiða mismuninn, sbr. 26. gr.

□ Útskattur merkir í lögum þessum þann virðisaukaskatt sem fellur á skattskylda sölu eða afhendingu skattaðila á tímabilinu, sbr. V. kafla.

□ Innskattur merkir í lögum þessum þann virðisaukaskatt sem á tímabilinu fellur á kaup skattaðila á skattskyldum vörum og þjónustu til nota í rekstrinum, sbr. þó 16. gr.

□ Innskattur á uppgjörstímabili er sá virðisaukaskattur sem fram kemur á reikningum þeirra sem selt hafa hinum skattskylda aðila á tímabilinu, svo og virðisaukaskattur af innflutningi hans á tímabilinu, sbr. XI. kafla.

■ **16. gr.** Til innkatts á hverju uppgjörstímabili, sbr. 24. gr., skal telja virðisaukaskatt af aðkeyptum rekstrarfjármunum, vörum, vinnu, þjónustu og öðrum aðföngum sem eingöngu varða sölu skattaðila á vörum og skattskyldri þjónustu.

□ Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglur<sup>1)</sup> um að til innkatts megi telja ákveðinn hluta af virðisaukaskatti innkaupa sem ekki varða eingöngu sölu skattaðila á vörum og skattskyldri þjónustu. [Jafnframt er ráðherra heimilt að kveða á um í reglugerð að aðilar, sem kaupa notuð ökutæki til niðurrifs í atvinnuskyni, geti reiknað sér innskatt sem skráður er á sérstakan reikning og nemur 19,68% af kaupverði vörunnar.]<sup>2)</sup> Ráðherra getur einnig sett reglur um leiðréttingu á frádrætti vegna innkatts þegar breyting verður á notkun varanlegra rekstrarfjármuna, þar á meðal fasteigna, sem hefur í för með sér breytingu á frádráttarrétti. Leiðréttingin getur tekið til allt að fimm ára frá því að fjármunanna var aflað. Varðandi fasteignir getur leiðréttingin þó tekið til allt að tíu ára. Í reglum um slíkar leiðréttingar getur ráðherra haft hliðsjón af þeim verðbreytingum sem orðið hafa frá því að fjármunanna var aflað.

□ Til innkatts er ekki heimilt að telja virðisaukaskatt af aðföngum er varða eftirfarandi:

1. Kaffistofu eða mótuneyti skattaðila og hvers konar fæðis kaup hans.
2. Öflun eða rekstur íbúðarhúsnæðis fyrir eiganda eða starfsmenn.
3. Hlunnindi til eiganda eða starfsmanna.
4. Öflun og rekstur orlofshéimila, sumarbústaða, barnaheimila og þess háttar fyrir eiganda eða starfsmenn.
5. Risnu og gjafir.
6. [Öflun, rekstur og leigu fólksbifreiða fyrir nýu menn eða færri.]<sup>3)</sup>

□ Ríki, bæjar- og sveitarfélög og stofnanir þeirra mega einungis telja til innkatts virðisaukaskatt af þeim aðföngum sem eingöngu varða sölu á skattskyldri vöru eða þjónustu, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. Sama á við um innskatt af skattskyldum eigin notum þeirra aðila er greinir í 2. mgr. 3. gr.

□ Þegar vörur, sem notaðar eru af eiganda fyrirtækis, teljast til skattskyldrar veltu fyrirtækisins skv. 1. mgr. 11. gr. má telja virðisaukaskatt af innkaupunum til innkatts. Hið sama gildir um skattskyldar vörur og þjónustu sem fyrirtæki notar í öðrum tilgangi en varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða í tilgangi er varðar atriði er rakin eru í 3. mgr. þessarar greinar.

□ Þrátt fyrir ákvæði 6. tölul. 3. mgr. þessarar greinar er skattskyldum aðilum, sem hafa með höndum sölu eða leigu bifreiða, heimilt að telja skatt af aðföngum vegna þeirra viðskipta sem innskatt.

□ [Skattskyldum aðilum er skylt, eftir nánari reglum sem fjármálaráðherra setur með reglugerð, að auðkenna ökutæki

sín þegar virðisaukaskattur af öflun þeirra eða leigu telst til innskatts.]<sup>4)</sup> [Hafi aðili talið til innskatts virðisaukaskatt af öflun eða leigu ökutækis en ökutækið er síðar tekið til annarrar notkunar þar sem honum er heimill minni eða enginn frádráttarréttur ber honum að tilkynna það til skattstjóra áður en notkun er breytt og fjarlægja auðkenni sem sett hafa verið á ökutækið samkvæmt þessari grein.]<sup>5)</sup>

□ [Þeir aðilar, sem um ræðir í 1. mgr. 10. gr., geta við skil á virðisaukaskatti dregið frá reiknuðum útskatti á hverju uppgjörstímabili 19,68% af neikvæðum mismun á söluverði og innkaupsverði seldra ökutækja á viðkomandi uppgjörstímabili, enda eigi formskilyrði 3. mgr. 10. gr. við um sölna að öðru leyti.]<sup>6)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 192/1993, sbr. 306/1994. <sup>2)</sup> L. 122/1993, 20. gr. <sup>3)</sup> L. 106/1990, 3. gr. <sup>4)</sup> L. 111/1992, 51. gr. <sup>5)</sup> L. 149/1996, 2. gr. <sup>6)</sup> L. 40/1995, 3. gr.

### VIII. kafli. Tilhögun bókhalds.

■ **17. gr.** Allir, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skulu auk þess sem fyrir er mælt í lögum nr. [145/1994],<sup>1)</sup> um bókhald, haga bókhaldi sínu og uppgjöri til virðisaukaskatts þannig að skattyfivöld geti jafnan gengið úr skugga um réttmæti virðisaukaskattsskila, og á það einnig við um þá sem ekki eru taldir bókhaldsskyldir samkvæmt bókhaldslögum.

□ [Allar bækur, uppgjör og gögn, er varða virðisaukaskattsskil, skal varðveita í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Þeim sem nota sjóðvélar er þó ekki skylt að varðveita innri strimla lengur en þrjú ár frá lokum viðkomandi reikningsárs enda liggja fyrir fullfrágengið bókhald og undirritaður ársreikningur.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 40/1995, 4. gr.

■ **18. gr.** Skattskyldir aðilar skulu annaðhvort hafa í aðal-bókhaldi sínu sérstaka reikninga fyrir þær fjárhæðir er færa skal á virðisaukaskattsskýrslu eða færa þær í sérstakar undirbækur eða yfirlit sem byggð eru á aðalbókhaldinu. Færslum skal þannig hagað að rekja megi einstakar fjárhæðir á virðisaukaskattsskýrslu til þeirra gagna sem á er byggt.

□ Reki aðili, sem er skattskyldur samkvæmt lögum þessum, margþætta starfsemi, þannig að sumir þættir hennar séu skattskyldir en aðrir undanþegnir skattskyldu, skulu hin skattskyldu og undanþegnu viðskipti greinilega aðgreind bæði í bókhaldi hans og á virðisaukaskattsskýrslu.

□ Virðisaukaskattsskyldum innkaupum og þeim sem undanþegin eru virðisaukaskatti skal halda aðgreindum í bókhaldi. □ Í bókhaldi skal og færa sérstaka reikninga yfir innskatt annars vegar og útskatt hins vegar. Reikninga þessa má færa í lok hvers uppgjörstímabils, enda sé hægt að reikna skattfjárhæðirnar beint á grundvelli reikninga bókhaldsins yfir kaup og sölu skattskyldrar vöru og þjónustu.

□ [Skattskyldir aðilar, sem ekki færa bókhald samkvæmt lögum nr. 145/1994, um bókhald, skulu færa sérstakt bókhald yfir hin skattskyldu viðskipti. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um tilhögun slíks bókhalds.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 40/1995, 5. gr.

■ **19. gr.** Sala skattskyldra aðila samkvæmt lögum þessum skal teljast skattskyld að því marki sem aðilar þessir geta ekki sýnt fram á með bókhaldi og gögnum sem þeim er skylt að halda að salan sé undanþegin virðisaukaskatti. Vanræki aðili að taka virðisaukaskatt af vöru eða þjónustu sem skattskyld er samkvæmt lögum þessum ber honum eigi að síður að standa skil á skattinum.

■ **20. gr.** Við sérhverja sölu eða afhendingu á vöru eða skattskyldri þjónustu skal seljandi gefa út reikning, sbr. þó

21. gr. Á reikningi skal koma fram útgáfudagur, nafn og kennitala kaupanda og seljanda, skráningarnúmer seljanda, tegund sölu, magn, einingarverð og heildarverð. Reiknings-eyðublöð skulu vera fyrir fram tölusett í samfelldri töluröð. Reikningur skal bera greinilega með sér hvort virðisaukaskattur er innifalinn í heildarfjárhæð hans eða ekki. Enn fremur skal sérstaklega koma fram hver fjárhæð virðisaukaskatts er, ellegar að virðisaukaskattur sé [19,68%]<sup>1)</sup> af heildarverði, [eða 12,28% þegar um er að ræða sölu skv. 2. mgr. 14. gr.]<sup>2)</sup> Við sölu til skattskylds aðila skal fjárhæð virðisaukaskatts ætíð koma fram.

□ Sé greitt að fullu eða að hluta áður en afhending fer fram, sbr. 3. mgr. 13. gr., skal móttakandi greiðslu gefa út kvittun til greiðanda í samræmi við ákvæði 1. mgr. þessarar greinar eftir því sem við á.

□ Þegar seldum verðmætum er skilað til seljanda skal ætíð gefa út innleggsreikning (kreditreikning) fyrir hinum mótteknu verðmætum með tilvísun til fyrri reiknings. Sama gildir um afslátt sem veittur er eftir að reikningur hefur verið gefinn út, svo og leiðréttingar á fyrri reikningum.

□ [Við sölu, sem er að hluta til skattskyld og að hluta til undanþegin skatti, skal halda viðskiptum, sem eru skattskyld, greinilega aðgreindum á reikningi frá öðrum viðskiptum. Jafnframt skal á reikningi aðgreina skattskylda sölu eftir skatthlutföllum, þannig að heildarverð vöru og þjónustu ásamt virðisaukaskatti komi sérstaklega fram vegna hvors skatthlutfalls.]<sup>2)</sup>

□ Seljandi skal varðveita samrit af reikningum og kvittunum samkvæmt þessari grein.

□ Skattskyldur aðili samkvæmt lögum þessum skal haga bókhaldi sínu og vörslu bókhaldsgagna þannig að hann geti að kröfu skattyfirvalda gefið upplýsingar um innkaup sín á skattskyldum vörum og þjónustu frá einstökum skattskyldum aðilum og um sölu sína á skattskyldum vörum og þjónustu til einstakra skattskyldra aðila samkvæmt lögum þessum.

□ Til sönnunar á innskatti skal skattskyldur aðili geta lagt fram reikninga eða önnur gögn í samræmi við ákvæði þessarar greinar. Sömuleiðis skal aðili, sem flytur inn vörur erlendis frá, geta lagt fram greiðsluskjöl frá töllyfirvöldum fyrir virðisaukaskatti sem lagður er á vörur þær er hann flytur inn. Reikningur, að fjárhæð [6.000 kr.]<sup>3)</sup> eða minna, frá smásöluverslun eða aðila, sem nær eingöngu selur til endanlegs neytanda, telst fullnægjandi í þessu sambandi enda þótt ekki komi fram nafn og kennitala kaupanda.

<sup>1)</sup> L. 119/1989, 9. gr. <sup>2)</sup> L. 111/1992, 52. gr. <sup>3)</sup> L. 55/1997, 6. gr.

■ **21. gr.** Við staðgreiðslusölu smásöluverslana og hliðstæðra aðila er ekki skylt að gefa út reikning skv. 1. mgr. 20. gr. nema salan sé til aðila sem skattskyldur er samkvæmt ákvæðum þessara laga. Sé reikningur gefinn út í slíkum viðskiptum má víkja frá kröfum 20. gr. um auðkenni á reikningum eftir nánari reglum sem fjármálaráðherra setur.

□ [Fjármálaráðherra er heimilt að mæla fyrir um í reglugerð,<sup>1)</sup> þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, að taka megi upp aðrar aðferðir við tekjuskráningu en kveðið er á um í 1. mgr. 20. gr., enda sé í stað reiknings notað annað öruggt skráningar- og eftirlitskerfi.]<sup>2)</sup>

□ Þeir sem taka framleiðslu annarra til vinnslu eða endursölu skulu gefa út innleggsnótur (afreikninga) eða móttökukvittanir sem geta komið í stað reikninga skv. 20. gr., og gilda sömu reglur um þær og rakið er í 20. gr. eftir því sem við á. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda meðal annars um kaup eða móttöku samlaga, samvinnufélaga og annarra á

framleiðsluvörum bænda, sjávarafra og hvers konar iðnaðarvörum, fullunnum og hálfunnum.

<sup>1)</sup> Rg. 50/1993, sbr. 539/1993 og 136/1997. <sup>2)</sup> L. 122/1993, 21. gr.

■ **22. gr.** Þeir sem undanþegnir eru skattskyldu mega hvorki tilgreina á reikningum sínum né gefa á annan hátt til kynna á þeim að virðisaukaskattur sé innifalinn í reikningsfjárhæð.

□ Nú tekur aðili, sem undanþeginn er skattskyldu, við innleggsnotu (afreikningi) þar sem virðisaukaskattur er tilgreindur eða þar sem tilgreint er að virðisaukaskattur sé innifalinn í heildarfjárhæð og skal hann þá vekja athygli útgefanda innleggsnotu á því og endurgreiða honum skatt sem hann kann að hafa tekið við.

□ Þeir sem tilgreina á einhvern hátt á reikningum sínum, þrátt fyrir 1. mgr., að virðisaukaskattur sé innifalinn í heildarfjárhæð skulu skila skattinum í ríkissjóð. Sama gildir um skattskylda aðila sem tilgreina á reikningum sínum of háan virðisaukaskatt eða virðisaukaskatt af viðskiptum sem ekki eru skattskyld. Verði leiðréttingu komið við gagnvart kaupanda fellur skilaskylda samkvæmt þessari málsgrein niður.

□ Í upplýsingum um verð á vöru eða skattskyldri þjónustu skal koma greinilega fram ef upp gefið verð er ekki með virðisaukaskatti.

■ **23. gr.** Fjármálaráðherra getur með reglugerð<sup>1)</sup> sett nánari fyrirmæli um sérstakt bókhald, fylgiskjöl þess og færslu, þar með talið birgðabókhald, fyrir alla virðisaukaskattskylda aðila og birgðatalkingu, notkun sjóðvéla og annarra gagna til sönnunar færslum, löggildingu bóka og gagna, svo og geymslu þeirra.

□ Í reglugerð samkvæmt fyrri málsgrein má mæla fyrir um framtalsgögn og skjöl sem þeim skuli fylgja.

<sup>1)</sup> Rg. 50/1993, sbr. 539/1993 og 136/1997. Rg. 562/1989, 576/1989, sbr. 376/1997. Rg. 248/1990.

### IX. kafli. Uppgjörstímabil, gjalddagar, álag, kærur o.fl.

■ **24. gr.** Hvert uppgjörstímabil er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Skráningarskyldir aðilar skulu eftir lok hvers uppgjörstímabils greiða ótilkvaddir virðisaukaskatt þann sem þeim ber að standa skil á samkvæmt lögum þessum. Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð<sup>1)</sup> um greiðslustaði, greiðslufyrirkomulag og efni skýrslu. [Ef virðisaukaskattsskyld velta skráningarskyldra aðila er minni en [1.400.000 kr.]<sup>2)</sup> á ári er ráðherra heimilt að kveða í reglugerð á um lengra uppgjörstímabil og annað greiðslufyrirkomulag en að framan getur.]<sup>3)</sup>

□ Virðisaukaskatti ásamt virðisaukaskattsskýrslu skal skila eigi síðar en á fimmta degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna viðskipta á því tímabili. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist gjalddagi á næsta virkan dag á eftir.

□ Sé innskattur á einhverju uppgjörstímabili hærrí en útskattur skal skráningarskyldur aðili senda skattstjóra innan sömu tímamarka skýrslu í því formi er um getur í 1. mgr.

□ Fyrirtæki geta fengið heimild hjá skattstjóra til þess að nota hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil ef útskattur er að jafnaði lægri en innskattur vegna þess að verulegur hluti veltunnar er undanþeginn skv. 1. mgr. 12. gr. Nú nemur útskattur í slíku fyrirtæki að jafnaði minna en helmingi innskatts og getur skattstjóri þá heimilað því að nota skemmra uppgjörstímabil en einn mánuð, en þó ekki skemmra en eina viku. Uppgjörstímabili má einungis breyta þannig að það sé miðað við upphaf tveggja mánaða tímabils skv. 1. mgr. Beiðni um slíka breytingu verður að hafa borist skattstjóra

a.m.k. einum mánuði fyrir gildistöku væntanlegrar breytingar. Fáí aðili heimild til að breyta uppgjörstímabili skal sú breyting gilda í a.m.k. tvö ár.

□ Sérhver aðili, sem rekur starfsemi í fleiri en einni starfsgrein, skal láta í té sérstaka virðisaukaskattsskýrslu fyrir hverja þeirra eftir nánari ákvörðun skattstjóra.

□ Skattstjóra er heimilt að fallast á umsókn aðila, sem hefur með höndum margþættan atvinnurekstur, um að skila sérstakri skýrslu fyrir hverja sjálfstæða rekstrareiningu.

<sup>1)</sup> Rg. 667/1995, sbr. 588/1996 og 375/1997. <sup>2)</sup> L. 55/1997, 7. gr. <sup>3)</sup> L. 122/1993, 22. gr.

■ **25. gr.** [Skattstjóri skal ákvarða virðisaukaskatt skráðs aðila á hverju uppgjörstímabili.

□ Hann skal rannsaka virðisaukaskattsskýrslur og leiðréttu þær ef þær eða einstakir liðir þeirra eru í ósamræmi við lög þessi eða fyrirmæli sem sett verða samkvæmt þeim. Þá skal skattstjóri áætla skatt af viðskiptum þeirra aðila sem ekki senda skýrslur innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Áætlun skal vera svo rífleg að eigi sé hætt við að skattfjárhæð sé áætluð lægri en hún er í raun og veru. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og skattgreiðanda um áætlunir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið. Þó skal skattstjóri ávallt leiðréttu augljósar reikningssekkjur án sérstakrar tilkynningar til skattgreiðanda.

□ Sé innskattur á einhverju uppgjörstímabili hærrí en útskattur skal skattstjóri rannsaka skýrslu sérstaklega. Fallist skattstjóri á skýrsluna tilkynnir hann aðila og innheimtumanni ríkissjóðs um samþykki sitt til endurgreiðslu. Innheimtumaður ríkissjóðs skal endurgreiða aðila mismuninn. Kröfu um vangoldin opinber gjöld og skatta til ríkissjóðs ásamt verðbótum, álagi og dráttarvöxtum skal skuldajafna á móti endurgreiðslum samkvæmt lögum þessum.

□ Hafi skýrslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðsla fara fram innan fimmtán daga frá lokum skilafrests. Endurgreiðsla má þó aðeins fara fram að skattákvörðun liggja fyrir vegna fyrri tímabils. Berist skýrsla eftir lok skilafrests skal endurgreiðsla fara fram innan fimmtán daga frá því að skattstjóri kveður upp úrskurð skv. 29. gr. Geti skattstjóri ekki vegna aðstæðna aðila gert nauðsynlegar athuganir á gögnum þeim er skýrslugjöfin byggist á, þar með talið að aðili hafi lagt fram röng eða villandi gögn [eða tilkynnt skatt-rannsóknarstjóra ríkisins grun um skattsvik eða refsiverð brot á lögum um bókhald og ársreikninga skv. 6. mgr. 26. gr.],<sup>1)</sup> framlengist framangreindur frestur um þann tíma sem slíkar aðstæður ríkja.

□ Komi í ljós að endurgreiðsla samkvæmt þessari grein hafi verið of há skal skattstjóri þegar í stað tilkynna aðila og innheimtumanni ríkissjóðs þar um. Aðila ber eigi síðar en sjö dögum eftir tilkynningu skattstjóra um of háa endurgreiðslu að greiða innheimtumanni það sem ofgreitt var.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 55/1997, 8. gr. <sup>2)</sup> L. 149/1996, 3. gr.

■ **26. gr.** [Komi í ljós anmarkar á virðisaukaskattsskýrslu, fyrir eða eftir ákvörðun skv. 25. gr., eða telji skattstjóri frekari skýringa þörf á einhverju atriði varðandi virðisaukaskattsskil aðila skal hann skriflega skora á aðila að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýringar og þau gögn sem skattstjóri telur þörf á að fá. Fáí skattstjóri fullnægjandi skýringar og gögn innan frests ákvarðar hann eða endurákvarðar virðisaukaskatt samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu og fengnum skýringum og gögnum. Ef eigi er bætt úr annmörkum á virðisaukaskattsskýrslu, svar aðila berst ekki innan

tiltekins tíma, skýringar hans eru ófullnægjandi eða eigi eru send þau gögn sem óskað er eftir er skattstjóra heimilt að áætla virðisaukaskatt aðila.

□ Þá er skattstjóra heimilt að áætla virðisaukaskatt ef í ljós kemur að virðisaukaskattsskýrsla styðst ekki við tilskilið bókhald samkvæmt lögum nr. 145/1994, um bókhald, samkvæmt ákvæðum laga þessara eða ákvæðum reglugerða settra samkvæmt þeim. Jafnframt er skattstjóra heimilt að áætla virðisaukaskatt aðila ef í ljós kemur að færsla á innskatti eða útskatti, eða öðrum þáttum sem virðisaukaskattsskýrsla byggist á, styðst ekki við lögmæt gögn. Sama gildir ef bókhald og þau gögn, sem liggja fyrir um fjárhæðir virðisaukaskattsskýrslu, verða ekki talin nægilega örugg eða ef tekjuskráning, þar með talin notkun sjóðvélar eða útbúnaður hennar eða notkun og form reikninga, er ekki í samræmi við ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Enn fremur er heimilt að áætla virðisaukaskatt aðila ef ekki er lagt fram bókhald eða þau gögn sem skattyfirvöld kunna að biðja um til að sannprófa virðisaukaskattsskýrslu. Áætlun skal vera svo rífleg að eigi sé hætt við að skattfjárhæð sé áætluð lægri en hún er í raun og veru. Ákvæði 27. gr. á við um áætlun samkvæmt þessari grein.

□ Við ákvörðun eða endurákvörðun, sbr. 1. og 2. mgr., skal skattstjóri tilkynna aðila skriflega um fyrirhugaðar breytingar og af hvaða ástæðum þær eru gerðar til að aðili geti tjáð sig skriflega um efni máls og lagt fram viðbótargögn. Við endurákvörðun skal skattstjóri þó veita aðila a.m.k. 15 daga frest frá póstagningu tilkynningar um fyrirhugaðar breytingar. Sé ekki kunnugt um dvalarstað aðila er skattstjóra heimilt að gera breytingar án þess að tilkynna um þær.

□ Skattstjóri skal að jafnaði innan tveggja mánaða frá lokum þess frests sem skattstjóri hefur veitt aðila til að tjá sig um fyrirhugaðar breytingar kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðun skv. 3. mgr. og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi. Tilkynning um skattbreytingu skal send viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs við uppkvaðningu úrskurðar. Samrit úrskurðar skal samtímis sent ríkisskattstjóra. Heimilt er aðila að kæra úrskurð skattstjóra til yfirskattanefndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

□ Heimild til endurákvörðunar virðisaukaskatts samkvæmt þessari grein nær til skatts síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram. Sama gildir um endurákvörðun á áður ofendurgreiddum skatti. Fari fram rannsókn við embætti skatttrannsóknarstjóra ríkisins eða hjá ríkislögreglustjóra á skattskilum aðila reiknast heimild til endurákvörðunar frá byrjun þess árs þegar rannsókn hófst.

□ Hafi skattstjóri eða ríkisskattstjóri grun um að skattsvik eða refsiverð brot á lögum um bókhald og ársreikninga hafi verið framin skal hann tilkynna það skatttrannsóknarstjóra ríkisins sem ákveður um framhald málsins.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 149/1996, 4. gr.

■ **27. gr.** Sé virðisaukaskattur ekki greiddur á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar skatti samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu eða til viðbótar þeim skatti sem honum bar að standa skil á, sbr. 19. gr. Sama gildir ef virðisaukaskattsskýrslu hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og virðisaukaskattur því áætlaður eða endurgreiðsla skv. [25. gr.]<sup>1)</sup> hefur verið of há. [Þá skal aðili sæta álagi ef endurgreiðsla skv. 1., 3. og 4. mgr. 42. gr. og 3. mgr. 43. gr. hefur verið of há.]<sup>2)</sup>

□ Álag skv. 1. mgr. skal vera [1%]<sup>3)</sup> af þeirri fjárhæð, sem

vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærri en [10%].<sup>3)</sup>

□ Við útreikning á álagi á áætlaðan virðisaukaskatt telst gjalddagi sá sami og gjalddagi virðisaukaskatts þess uppgjörstímabils sem áætlað er fyrir. Sama gildir um álag á vangreiddan, ógreiddan eða ofendurgreiddan virðisaukaskatt eldri tímabila.

□ Sendi aðili fullnægjandi virðisaukaskattsskýrslu innan kærufrests, sbr. 29. gr., skal hann greiða virðisaukaskatt samkvæmt skýrslunni auk álags skv. 2. mgr. Kæri aðili áætlaðan virðisaukaskatt skal hann greiða virðisaukaskatt samkvæmt kærúrskurði auk álags skv. 2. mgr.

□ Komi í ljós að aðila, sem greiða átti virðisaukaskatt, hafi ekki verið áætlaður skattur eða áætlun verið lægri en sá skattur sem honum bar að greiða skal hann greiða þann skatt sem honum bar, auk álags skv. 2. mgr.

□ Fella má niður álag skv. 2. mgr. ef aðili færir gildar ástæður sér til málsbóta og geta skattyfirvöld metið það í hverju tilviki hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Breyta má fyrri áætlun eftir lok kærufrests ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi og fær aðili þá kærufrest að nýju nema um lækkan á fyrri áætlun hafi verið að ræða.

□ . . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 149/1996, 5. gr. <sup>2)</sup> L. 55/1997, 9. gr. <sup>3)</sup> L. 40/1995, 6. gr.

■ **28. gr.** Sé virðisaukaskattur ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, sbr. 24. gr., skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Sama gildir ef endurgreiðsla hefur verið of há. . . .<sup>1)</sup>

□ Virðisaukaskattur, álag, dráttarvextir og kröfur um endurheimtu of hárra endurgreiðslna njóta lögtaksréttar. . . .<sup>2)</sup> Óheimilt er að slíta félagi fyrr en kröfur þessar hafa verið greiddar að fullu fyrir allan starfstíma þess. Hafi félagi verið slitið án þess að kröfur þessar hafi verið greiddar bera skilaneftarmenn . . .<sup>3)</sup> ábyrgð á greiðslu þeirra. Stjórnarmenn félaga, sjóða og stofnana, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. og 4. tölul. 3. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, bera óskipta ábyrgð á kröfum samkvæmt þessari málsgrein.

□ Innheimtumaður getur látið lögreglu stöðva atvinnurekstur þeirra aðila sem ekki gera fullnægjandi skil á skattinum, álagi skv. 27. gr. eða dráttarvöxtum skv. 1. mgr. þessarar greinar á tilskildum tíma með því m.a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð.

□ Nú á aðili rétt á endurgreiðslu skv. [25. gr.]<sup>4)</sup> og hún er ekki innt af hendi innan mánaðar frá lokum frests samkvæmt sömu grein og skal þá ríkissjóður greiða aðila dráttarvexti, sbr. 1. mgr., af þeirri fjárhæð sem endurgreiða skal.

□ [Vanræki skattskyldur aðili að færa tilskilið bókhald samkvæmt ákvæðum VIII. kafla laga þessara eða nota tilskilið söluskráningarkerfi samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim eða ef söluskráningarkerfi er verulega áfátt skal [skatttrannsóknarstjóri ríkisins]<sup>5)</sup> með ábyrgðarbréfi beina til hans fyrirmælum um úrbætur. Ef fyrirmælum þessum er ekki sinnt innan [15]<sup>6)</sup> daga getur [skatttrannsóknarstjóri ríkisins]<sup>5)</sup> látið lögreglu stöðva atvinnurekstur viðkomandi á sama hátt og greinir í 3. mgr. þessarar greinar og þar til fullnægjandi úrbætur hafa verið gerðar.]<sup>7)</sup>

<sup>1)</sup> L. 122/1993, 25. gr. <sup>2)</sup> L. 78/1989, 2. gr. <sup>3)</sup> L. 20/1991, 135. gr. <sup>4)</sup> L. 149/1996, 6. gr. <sup>5)</sup> L. 111/1992, 54. gr. <sup>6)</sup> L. 55/1997, 10. gr. <sup>7)</sup> L. 106/1990, 5. gr.

■ **29. gr.** [Ákvörðun skattstjóra á virðisaukaskatti skv. 25.

gr. er kæránleg til hans innan 30 daga frá því er skatturinn var ákveðinn. Kærufrestur reiknast frá póstlagningu tilkynningar um skattákvörðun. Við ákvörðun virðisaukaskatts án sérstakrar tilkynningar til kæranda reiknast kærufrestur þó frá gjalddaga uppgjörstímabilsins, sbr. 24. gr. Kærur skulu vera skriflegar og rökstuddar. Innsend fullnægjandi virðisaukaskattsskýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 25. gr.

□ Ef virðisaukaskattur er endurákværðaður samtímis ákvörðun, sbr. 26. gr., er endurákvörðunin jafnframt kæránleg til skattstjóra innan 30 daga frá því er skatturinn var ákveðinn, enda liggi ekki fyrir álagning skv. 98. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

□ Skattstjóri skal að jafnaði innan tveggja mánaða frá lokum kærufrests kveða upp rökstuddan úrskurð um kærana og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi.

□ Úrskurði skattstjóra má skjóta til yfirsattanefndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirsattanefnd.

□ Ágreining um skattskyldu og skatthæð má bera undir dómstóla, enda hafi áður verið um hann úrskurðað af yfirsattanefnd. Það skal þó gert innan sex mánaða frá því að yfirsattanefnd úrskurðar í málinu.

□ Áfrýjun eða deila um skattskyldu frestar ekki gjalddaga skattsins né leysir undan neinum þeim viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu hans, en verði skattur lækkaður eftir úrskurði eða dómi skal endurgreiða það sem lækkuinni nemur.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 149/1996, 7. gr.

#### X. kafli. Sérstök ákvæði um landbúnað.

■ **30. gr.** Skráningarskyldir aðilar, sem stunda landbúnað, skulu færðir á sérstaka skrá, landbúnaðarskrá, og skal um virðisaukaskattsskil þeirra fara eftir þessum kafla.

□ Starfsemi, sem fellur undir [flokk 1]<sup>1)</sup> í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, önnur en þjónusta við búrekstur, telst landbúnaður í skilningi 1. mgr.

<sup>1)</sup> L. 40/1995, 7. gr.

■ **31. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 24. gr. skulu þeir sem um ræðir í 30. gr. skila innheimtumanni ríkissjóðs virðisaukaskatti ásamt virðisaukaskattsskýrslu tvisvar á ári. Skýrslu vegna fyrri hluta árs skal skilað ásamt virðisaukaskatti í síðasta lagi 1. september ár hvert og vegna síðari hluta árs 1. mars ár hvert. Að öðru leyti skulu ákvæði IX. kafla gilda um virðisaukaskattsskil þeirra sem stunda landbúnað eftir því sem við getur átt, sbr. þó 32. og 33. gr.

■ **32. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 31. gr. skulu þeir, sem um ræðir í 30. gr. og hafa 60% eða meira af heildaratvinnurekstrartekjum af annars konar starfsemi en landbúnaði, skila virðisaukaskatti ásamt skýrslum á reglulegum skiladögum skv. 24. gr.

■ **33. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 31. gr. er skattstjóra heimilt að fallast á beiðni þeirra sem stunda landbúnað um aukauppgjör á virðisaukaskatti ef í ljós kemur að þeir eiga kröfu á verulegri endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa á fjárfestingar- og rekstrarvörum. Fjármálaráðherra getur í reglugerð<sup>1)</sup> sett nánari skilyrði fyrir því hvenær fallast beri á beiðni um aukauppgjör virðisaukaskatts samkvæmt þessari grein.

□ Ef nauðsyn ber til er fjármálaráðherra heimilt að setja í reglugerð<sup>1)</sup> aðrar reglur en kveðið er á um í þessum kafla og IX. kafla um uppgjörstímabil og skil þeirra bænda sem fá söluverð afurða sinna ekki gert upp með reglubundnum hætti a.m.k. sex sinnum á ári. Heimilt er að láta reglur þessar á sama hátt taka til viðskiptaaðila þeirra bænda sem hér

um ræðir. Reglugerð þessi skal sett að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra.

<sup>1)</sup> Rg. 667/1995.

#### XI. kafli. Sérstök ákvæði um innflutning.

■ **34. gr.** Við innflutning á vöru skal virðisaukaskattur innheimtur af tollverði skattskyldrar vöru að viðbættum tolli og öðrum gjöldum sem á eru lögð við tollmeðferð.

□ Um ákvörðun tollverðs skulu gilda ákvæði þar að lútandi í tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur fjármálaráðherra ákveðið að ákvæði 109. gr. tollalaga, nr. 55/1987, um greiðslufrest aðflutningsgjalda af innfluttum vörum, skuli gilda með sama hætti um greiðslu virðisaukaskatts við innflutning.<sup>1)</sup> Gjald-dagi skal eigi vera síðar en á gjalddaga virðisaukaskatts þess tímabils þegar tollafgreiðsla fer fram.

<sup>1)</sup> Rg. 640/1989, sbr. 48/1990, 352/1990 og 19/1992. Rg. 309/1992, sbr. 446/1997. Rg. 722/1997. Rg. 336/1993.

■ **35. gr.** [Aðili, sem kaupir [þjónustu sem talin er upp í 10. tölu. 1. mgr. 12. gr.]<sup>1)</sup> erlendis frá til nota að hluta eða öllu leyti hér á landi, skal greiða virðisaukaskatt af andvirði hennar. Sama gildir um þjónustu erlendis aðila sem veitt er hér á landi, enda hafi hinn erlendi aðili hvorki starfsstöð né umboðsmann hér á landi.<sup>2)</sup>

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er aðili sem skráður er skv. 5. gr. undanþeginn skyldu til greiðslu virðisaukaskatts skv. 1. mgr. ef hann gæti að fullu talið virðisaukaskatt vegna kaupanna til innskatts, sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr. Þetta gildir þó ekki þegar þjónusta er veitt eða hennar notið í tengslum við innflutning á vöru.<sup>3)</sup>

□ [Aðili, sem skylt er að greiða virðisaukaskatt skv. 1. mgr., skal ótilkvaddur gera grein fyrir kaupum á þjónustu í sérstakri skýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Gjald-dagi er fimmti dagur annars mánaðar frá lokum þess almenna uppgjörstímabils sem viðskiptin falla undir. Greiðslu ásamt skýrslu skal skila til innheimtumanns ríkissjóðs eigi síðar en á gjalddaga.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 115/1997, 2. gr. <sup>2)</sup> Rg. 194/1990, sbr. 151/1993, 179/1993, 86/1994 og 346/1995. <sup>3)</sup> L. 55/1997, 11. gr.

■ **36. gr.** Vara, sem er tollfrjáls eða undanþegin tolli skv. 5. gr., [4.–7., 9.–12., 20. og 21. tölu. 6. gr. eða 2. mgr. 7. gr.]<sup>1)</sup> tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum, skal undanþegin virðisaukaskatti við innflutning að uppfylltum sömu skilyrðum og tilgreind eru í tollalögum.

□ Við innflutning vöru, sem undanþegin er skattskyldri veltu, sbr. 6. ...<sup>1)</sup> tölu. 12. gr., og við innflutning listamanna á eigin listaverkum, sem falla undir tollskrárnúmer 9701.1000–9703.0000, skal ekki greiða virðisaukaskatt.

□ [Innflutningur á rituðu máli, sem sent er til vísindastofnana, bókasafna og annarra opinberra stofnana án endurgjalds, er undanþeginn greiðslu virðisaukaskatts, án tillits til í hvaða formi efnið er, enda sé innflutningurinn ekki í viðskiptaskyni. Sama gildir um ritað mál sem öðrum aðilum er sent án endurgjalds, enda fari fob-verð sendingar ekki yfir 5.000 kr. og innflutningurinn sé ekki í viðskiptaskyni.]<sup>2)</sup>

□ [Vörur, sem fluttar eru til landsins af aðilum sem skráðir eru skv. 5. gr., eru undanþegar virðisaukaskatti ef fob-verð sendingar nemur ekki hærra fjárhæð en 1.500 kr. Áfengir drykkir og tóbak eru þó ekki undanþegin virðisaukaskatti. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um undanþágu virðisaukaskatts samkvæmt þessu ákvæði.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 122/1993, 27. gr. <sup>2)</sup> Rg. 71/1993, sbr. 302/1993 og 178/1996. <sup>3)</sup> L. 55/1997, 12. gr.



■ **37. gr.** Virðisaukaskattur af innflutningi skal innheimtur með aðflutningsgjöldum.

□ Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum eða reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim um skattskyldu, úrskurð um skattskyldu, álagningu, innheimtu, lækkun eða endurgreiðslu vegna rýrnunar, skemmda eða endursendingar, lögvernd, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi virðisaukaskatt af innfluttum vörum og þjónustu, skulu gilda ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim lögum.

## XII. kafli. Um eftirlit, upplýsingaskyldu og refsíákvæði.

■ **38. gr.** Öllum aðilum, bæði virðisaukaskattsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. [Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða gjald- og skilaskyldu þeirra aðila eða eftirlit með eða rannsókn á henni. Með skattyfirvöldum í þessari grein er átt við skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra.]<sup>1)</sup>

□ Skattyfirvöld hafa þannig m.a. rétt til þess að krefjast upplýsinga af þeim er hafa keypt af skattskyldum aðila eða selt honum vörur eða haft við hann önnur viðskipti, þar með að krefja húseigendur um upplýsingar um atvinnurekendur og aðra sem hafa verslun, verkstæði, skrifstofur eða aðra starfsstöð í húsum þeirra. Einnig skulu félög og félagasamtök atvinnurekenda, iðnaðarmanna og annarra viðkomandi aðila skyld að gefa upplýsingar um féлага sína og atvinnu þeirra og rekstur.

□ Vegna skatteftirlits samkvæmt lögum þessum getur skattstjóri, . . . <sup>1)</sup> ríkisskattstjóri og menn, sem þeir fela skatteftirlitsstörf, krafist þess að virðisaukaskattsskyldir aðilar leggi fram til könnunar bókhald sitt og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn, þar með talin bréf og samningar. Enn fremur hafa þessir aðilar aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum virðisaukaskattsskyldra aðila og birgðageymslum og heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta. Sömu heimildir hefur [skattrannsóknarstjóri ríkisins]<sup>1)</sup> vegna rannsókna skv. 39. gr.

□ [Skattyfirvöld hafa enn fremur þær heimildir sem um getur í 3. mgr. gagnvart þeim aðilum sem ekki eru virðisaukaskattsskyldir.]<sup>1)</sup>

□ Nú verður ágreiningur um skyldu aðila samkvæmt þessari grein og getur ríkisskattstjóri [eða skattrannsóknarstjóri ríkisins]<sup>1)</sup> þá leitað um hann úrskurðar [héraðsdóms, en farið skal þá eftir reglum laga um meðferð opinberra mála eftir því sem á við].<sup>2)</sup> Gegni einhver ekki upplýsingaskyldu sinni má vísa máli til opinberra rannsókna.

<sup>1)</sup> L. 111/1992, 56. gr. <sup>2)</sup> L. 92/1991, 99. gr.

■ **39. gr.** Ríkisskattstjóri skal hafa eftirlit með störfum skattstjóra og sjá um að sem best samræmi sé í ákvörðunum um virðisaukaskatt hvarvetna á landinu. Hann skal leiðbeina skattstjórum um allt er að ákvörðunum um virðisaukaskatt lýtur, m.a. með því að kynna þeim dóma og úrskurði sem almennt gildi hafa.

□ Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skattstjóra um virðisaukaskatt og getur hann þá gert aðila skatt að nýju.

□ [Ríkisskattstjóri]<sup>1)</sup> skal fylgjast með eftirlitsstörfum skattstjóra og afla upplýsinga um þau, leiðbeina skattstjórum um eftirlitsaðgerðir og veita þeim upplýsingar um atvinnugreinar, atvinnuvegi eða önnur atriði sem þýðingu hafa við skatteftirlit.

□ [Skattrannsóknarstjóri ríkisins]<sup>1)</sup> getur hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar skattskil samkvæmt lögum þessum. [Hann skal annast rannsóknir í málum sem skattstjóri eða ríkisskattstjóri vísar til hans, sbr. [6. mgr. 26. gr.]<sup>2)</sup>] <sup>3)</sup> Hann getur einnig falið skattstjórum athugun eða rannsókn á hverju því atriði sem um getur í þessari grein.

□ Þegar aðgerðir [skattrannsóknarstjóra ríkisins]<sup>1)</sup> gefa til efni til ákvörðunar eða endurákvörðunar á skatti samkvæmt lögum þessum skal ríkisskattstjóri annast ákvörðunina eða endurákvörðunina nema hann feli hana skattstjórá.

<sup>1)</sup> L. 111/1992, 57. gr. <sup>2)</sup> L. 149/1996, 8. gr. <sup>3)</sup> L. 122/1993, 28. gr.

■ **40. gr.** [Skýri skattskyldur maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um virðisaukaskatt sinn eða afhendi hann eigi á lögmæltum tíma virðisaukaskattsskýrslu eða virðisaukaskatt sem hann hefur innheimt eða honum bar að innheimta skal hann greiða fésekt allt að tífaldrí þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin, vanrækt var greiðsla á eða endurgreidd var um of og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldrí þessari skattfjárhæð. Álag skv. 27. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

□ Ef maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækir skyldu sína að halda tilskilið bókhald samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, þar með talið að hann vanrækir að skrá sölu sína í sjóðvél með fullnægjandi útbúnaði, skal hann sæta sektum samkvæmt ákvæðum laga um bókhald nema þyngri refsing liggja við brotinu skv. 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

□ Vanræki maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi tilkynningarskyldu sína skv. 5. gr., upplýsingaskyldu skv. 38. gr. eða vanræki hann að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn svo sem ákveðið er í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skal hann sæta sektum eða [fangelsi allt að 2 árum].<sup>1)</sup>

□ Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi skýrir rangt eða villandi frá einhverju er varðar virðisaukaskattsskýrslur hans skal sæta sektum þótt upplýsingarnar geti ekki haft áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslur.

□ Verði brot skv. 1. mgr. ákvæðisins uppvíst við skipti dánarbús skal greiða úr búinu sekt allt að fjórfaldrí þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin eða vanrækt var að greiða og aldrei lægri fésekt en nemur þessari skattfjárhæð að viðbættum helmingi hennar. Álag skv. 27. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Sé svo ástatt sem í 4. mgr. segir má gera búinu sekt.

□ Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn varðandi virðisaukaskattsskýrslur annarra aðila eða aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda skal sæta þeirri refsingu er segir í 1. mgr. þessarar greinar.

□ Tilraun til brota eða hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga og varðar fésektum allt að hámarki því sem ákveðið er í öðrum ákvæðum þessarar greinar.

□ Gera má lögaðila fésekt fyrir brot á lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvars-

manns eða starfsmanns lögaðilans. Hafi fyrirvarsmáður hans eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má auk refsingar, sem hann sætir, gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 82/1998, 191. gr. <sup>2)</sup> L. 42/1995, 3. gr.

■ **41. gr.** [Yfirkattanevnd]<sup>1)</sup> úrskurðar sektir skv. 40. gr. nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Við meðferð mála hjá nefndinni skal gæta ákvæða 100. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á, og veita sakborningi færi á að taka til varna. [Skattrannsóknarstjóri ríkisins]<sup>2)</sup> kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni þegar hún úrskurðar sektir. Úrskurður [yfirkattanevndar]<sup>1)</sup> um sektir er fullnaðarúrskurður. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum nefndarinnar.

□ ...<sup>3)</sup> [Skattrannsóknarstjóri ríkisins]<sup>2)</sup> getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfdáðum, svo og eftir ósk sökunnautar ef hann vill eigi hlíta því að mál hans verði afgreitt af [yfirkattanevnd].<sup>1)</sup>

□ [Mál vegna brota á lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála. Skattkröfu má hafa uppi og dæma í slíkum málum.]<sup>4)</sup>

□ Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Um innheimtu sekta, er [yfirkattanevnd]<sup>1)</sup> úrskurðar, gilda sömu reglur og um innheimtu skatts eftir lögnum, þar á meðal um lögtaksrétt.

□ Sök skv. 40. gr. fýrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum [skattrannsóknarstjóra ríkisins]<sup>2)</sup> eða rannsóknarlögreglustjóra ríkisins eða hjá löglærðum fulltrúum þeirra gegn skattaðila sem sökunnaut, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

<sup>1)</sup> L. 30/1992, 23. gr. <sup>2)</sup> L. 111/1992, 58. gr. <sup>3)</sup> L. 90/1996, 43. gr. <sup>4)</sup> L. 19/1991, 195. gr.

### [XIII. kafli. Um endurgreiðslu virðisaukaskatts.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 119/1989, 13. gr.

■ **[42. gr.]** [Endurgreiða skal veitingahúsum, mótuneytum og öðrum hliðstæðum aðilum, sem selja tilreiddan mat, sbr. 8. tölul. 2. mgr. 14. gr., fjárhæð er nemur 93,75% af innskatti hvers tímabils vegna matvælaaðfanga sem bera 14% virðisaukaskatt samkvæmt ákvæðinu. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð<sup>1)</sup> nánar um framkvæmd endurgreiðslunnar.]<sup>2)</sup>

□ Endurgreiða skal byggjendum íbúðarhúsnæðis [60% þess virðisaukaskatts]<sup>3)</sup> sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað. Endurgreiðslan skal gerð á grundvelli framlagðra reikninga, eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti, og vera verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu. [Jafnframt skal endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis [60% þess virðisaukaskatts]<sup>4)</sup> sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess.]<sup>5)</sup> Fjármálaráðherra setur með reglugerð<sup>6)</sup> nánari ákvæði um framkvæmd þessara endurgreiðslna. Á sama hátt skal í reglugerð kveðið á um endurgreiðslu ákveðins hutfalls virðisaukaskatts af verksmiðjuframleiddum íbúðarhúsum.

□ [Endurgreiða skal ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra virðisaukaskatt sem þau hafa greitt við kaup á eftirtalinni þjónustu eða vöru:<sup>7)</sup>

1. Sorphreinsun, þ.e. söfnun, flutningi, urðun og eyðingu sorps og annars úrgangs, þar með talið brotamálma. Ákvæði þetta tekur einnig til leigu eða kaupa á sorpgámum vegna staðbundinnar sorphirðu.

2. Ræstingu.

3. Snjómokstri og snjó- og hálkueyðingu með salti eða sandi.

4. Björgunarstörfum og öryggisgæslu vegna náttúruhamfara og almannavarna.

5. Þjónustu verkfræðinga, tæknifræðinga, arkitekta, lögfræðinga, löggiltra endurskoðenda og annarra sérfræðinga er almennt þjóna atvinnulífínu og lokið hafa háskólanámi, sambærilegu langskólanámi eða starfa sannanlega á sviði fyrrgreindra aðila og veita sambærilega þjónustu.

6. Þjónustu vaktstöðva vegna samræmdirar neyðarsím-svörunar.]<sup>8)</sup><sup>9)</sup>

□ [Endurgreiða skal hluta virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og/eða rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns þannig að álagður virðisaukaskattur að fráreginni endurgreiðslu nemi eigi hærrí fjárhæð en 11% af vögnu meðalverði rafveitna og hitaveitna á kílóvattstund. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð,<sup>10)</sup> að fenginni tillögu iðnaðarráðherra, nánar um framkvæmd endurgreiðslunnar.]<sup>11)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 637/1989, Rg. 554/1993, sbr. 30/1994, 147/1994, 335/1994 og 502/1995. <sup>2)</sup> L. 122/1993, 29. gr. <sup>3)</sup> L. 86/1996, 1. gr. <sup>4)</sup> L. 149/1996, 9. gr. <sup>5)</sup> L. 109/1990, 2. gr. <sup>6)</sup> Rg. 449/1990, sbr. 489/1992, 30/1993, 110/1995, 357/1995, 34/1996 og 421/1996. <sup>7)</sup> Rg. 248/1990, sbr. 548/1993, 146/1995, 601/1995 og 256/1996. <sup>8)</sup> L. 55/1997, 13. gr. <sup>9)</sup> L. 119/1989, 13. gr. <sup>10)</sup> Rg. 484/1992, sbr. 332/1993, 671/1994 og rg. 117/1996. <sup>11)</sup> L. 111/1992, 60. gr.

■ **[43. gr.]** Fjármálaráðherra getur kveðið svo á með reglugerð að endurgreiða megi virðisaukaskatt af vörum sem [aðilar búsettir erlendis]<sup>1)</sup> kaupa hérlendis og hafa með sér er þeir hverfa úr landi, enda séu uppfyllt þau skilyrði sem hann telur nauðsynleg.

□ Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð<sup>2)</sup> að hvaða marki skuli endurgreiða sendimönnum erlendra ríkja virðisaukaskatt af kaupum á vörum og þjónustu hér á landi.

□ [Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð<sup>3)</sup> að setja reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts sem erlend fyrirtæki hafa greitt hérlendis við kaup á vörum eða þjónustu. Endurgreiðsla samkvæmt þessari málsgrein getur eingöngu tekið til virðisaukaskatts af þeim aðföngum sem virðisaukaskattsskyldir aðilar geta talið til innskatts, sbr. 15. og 16. gr.]<sup>4)</sup><sup>5)</sup>

<sup>1)</sup> L. 115/1997, 3. gr. <sup>2)</sup> Rg. 294/1997, sbr. 689/1997. <sup>3)</sup> Rg. 288/1995. <sup>4)</sup> L. 40/1995, 8. gr. <sup>5)</sup> L. 119/1989, 13. gr.

### [XIV. kafli.]<sup>1)</sup> Ýmis ákvæði.

<sup>1)</sup> L. 119/1989, 13. gr.

■ **[44. gr.]<sup>1)</sup>** Skatt- og töllyfirvöldum, starfsmönnum þeirra og erindrekum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennar hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í starfi sínu um viðskipti einstakra manna og fyrirtækja. Þagnarskyldan helst þó að starfsmenn þessir láti af starfi sínu.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu skatt- og töllyfirvöld veita Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun upplýsingar er varða skýrslugerð þeirra.

<sup>1)</sup> L. 119/1989, 13. gr.

■ **[45. gr.]<sup>1)</sup> ...<sup>2)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 119/1989, 13. gr. <sup>2)</sup> L. 55/1997, 14. gr.

■ **[46. gr.]<sup>1)</sup>** Skattstjórar skulu árlega semja og leggja fram virðisaukaskattsskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina ákvarðaðan virðisaukaskatt eða endurgreiddan virðisaukaskatt hvers skattskylds aðila. Virðisaukaskattsskrá skal liggja frammi til sýnis á hentugum stað í tvær vikur í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð hvar skráin liggur frammi.

<sup>1)</sup> L. 119/1989, 13. gr.

■ **[47. gr.]<sup>1)</sup>** Fjármálaráðherra hefur eftirlit með því að skattstjórnar, [skattrannsóknarstjóri ríkisins,]<sup>2)</sup> ríkisskattstjóri, [yfirskattanevnd]<sup>3)</sup> og innheimtumenn ríkissjóðs ræki skyldur sínar samkvæmt lögum þessum. Hann hefur rétt til þess að fá til athugunar virðisaukaskattskýrslur og gögn er þær varða og krefja framangreinda aðila skýringa á öllu því er framkvæmd laga þessara varðar.

<sup>1)</sup> L. 119/1989, 13. gr. <sup>2)</sup> L. 111/1992, 61. gr. <sup>3)</sup> L. 30/1992, 23. gr.

■ **[48. gr.]<sup>1)</sup>** Sala á skattskyldri vöru og þjónustu til varnarliðsins á Keflavíkurlflugvelli, sbr. lög nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, svo og sala . . . <sup>2)</sup> í tollfrjálsum verslunum, sbr. VIII. kafla tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum, telst sala úr landi í skilningi laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 119/1989, 13. gr. <sup>2)</sup> L. 119/1989, 14. gr.

■ **[49. gr.]<sup>1)</sup>** [Fjármálaráðherra getur með reglugerð<sup>2)</sup> sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

□ Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að virðisaukaskattur af aðgangseyri að dansleikjum og öðrum skemmtanaskattskyldum samkomum skuli innheimtur meðan á samkomunni stendur eða með skemmtanaskatti. . . .<sup>3)4)</sup>

□ [Fjármálaráðherra er heimilt að kveða á um í reglugerð að skattskyldur aðili geti, á grundvelli skriflegs samnings, tekið að sér að sjá um framtal, skil og uppgjör virðisaukaskatts af skattskyldri sölu á vöru eða þjónustu annars aðila.]<sup>3)</sup>

□ Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að setja sérstakar reglur um uppgjör, uppgjörstímabil og skil virðisaukaskatts af hráefni til fiskvinnslu í því skyni að jafna aðstöðu fyrir-tækja á þessu sviði.

□ Um þau atriði, sem ekki eru sérstök ákvæði um í lögum þessum, fer samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á.

<sup>1)</sup> L. 119/1989, 13. gr. <sup>2)</sup> Rg. 577/1989, sbr. 180/1993 og 697/1997. Rg. 6/1990 (sbr. rg. 545/1990). Rg. 7/1990 (sbr. rg. 47/1984). Rg. 667/1995, sbr. 588/1996. Rg. 530/1989, sbr. 108/1990. Rg. 531/1989. Rg. 470/1991. Rg. 563/1989. Rg. 248/1990, sbr. 601/1995. Rg. 58/1991. Rg. 50/1993, sbr. 539/1993 og 136/1997. Rg. 192/1993, sbr. 532/1993 og 306/1994. Rg. 336/1993. Rg. 500/1989, sbr. 549/1993. Rg. 554/1993, sbr. 274/1996. Rg. 563/1993, sbr. 74/1994. Rg. 194/1990, sbr. 86/1994, sbr. 275/1996. Rg. 300/1994. Rg. 247/1991, sbr. 338/1994. Rg. 150/1996, sbr. 273/1996 og 335/1996. Rg. 515/1996, sbr. 378/1997. <sup>3)</sup> L. 122/1993, 31. gr. <sup>4)</sup> L. 119/1989, 15. gr.

■ **[50. gr.]<sup>1)</sup>** [Lög þessi öðlast þegar gildi, en skattheimta samkvæmt þeim kemur eigi til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1990. . . .]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 119/1989, 13. gr. <sup>2)</sup> L. 110/1988, 1. gr.

### Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** [Fari afhending skattskyldrar vöru og þjónustu fram 1. janúar 1990 eða síðar skal hún teljast til virðisaukaskattskyldrar veltu samkvæmt lögum þessum. Þetta gildir án tillits til þess hvort samningur um sölu skattskyldrar vöru og þjónustu hefur verið gerður fyrir 1. janúar 1990 eða greiðsla farið fram að hluta eða fullu.

□ Hafi samningur, sbr. 1. mgr. þessa ákvæðis, verið gerður skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna sem svarar virðisaukaskatti samkvæmt lögum þessum sé um að ræða sölu á vöru og þjónustu sem ekki var skattskyld samkvæmt söluskattslögum, nema sannað sé að virðisaukaskattur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess. Hafi slík vara eða þjónusta verið skattskyld samkvæmt söluskattslögum skal seljandi endurgreiða kaupanda mismun á söluskatti og virðisaukaskatti, nema sannað sé að kaupverð samkvæmt samningnum hafi verið miðað við virðisaukaskatt samkvæmt lögum þessum.

□ Um greiðslu virðisaukaskatts af innflutningi skattskyldrar vöru og þjónustu fer eftir þeim reglum sem gilda þegar tollmeðferð fer fram.

□ Heimilt er að endurgreiða virðisaukaskattskyldum aðilum, sem hafa húsbyggingar eða aðra mannvirkjagerð með höndum í atvinnuskyni, söluskatt sem hvílir á birgðum þeirra af óseldu byggingarefni 31. desember 1989. Fjármálaráðherra setur nánari reglur<sup>1)</sup> um þessar endurgreiðslur, þar á meðal hvaða gögn þurfi að liggja til grundvallar endurgreiðslu-beiðni.

□ Ákvæði 1. og 2. tölul. 5. mgr. 13. gr. laga þessara skulu gilda eftir því sem við á um frádrátt frá skattskyldri veltu vegna viðskipta sem skattskyld voru samkvæmt söluskattslögum og ekki var unnt að leiðrétta með síðustu söluskattsskilum ársins 1989.

□ Hafi verið gerður fjármögnunarsamningur fyrir 1. janúar 1990 þar sem kveðið er á um eignarrétt leigusala án kaupskyldu leigutaka í lok leigutíma skulu leigugreiðslur samkvæmt slíkum samningum vera undanþegnar virðisaukaskatti.

□ Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 100/1990. <sup>2)</sup> L. 119/1989, 16. gr.

### ■ II.–IV. . . .

■ **[V.** Fari afhending skattskyldrar vöru eða þjónustu fram eftir 31. desember 1993 skal hún teljast til virðisaukaskattskyldrar veltu samkvæmt lögum þessum. Þetta gildir án tillits til þess hvort samningur um sölu skattskyldrar vöru eða þjónustu hefur verið gerður fyrir 1. janúar 1994 eða greiðsla farið fram þá að hluta eða fullu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 122/1993, 33. gr.

■ **[VI.** Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið að endurgreiða hluta virðisaukaskatts af neyslufiski. Heimild þessi fellur niður frá og með 1. desember 1994.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 122/1993, 33. gr.

■ **[VII.** Fjármálaráðherra getur heimilað þeim sem hafa með höndum útleigu á hótél- og gistiherbergjum og annarri gistiþjónustu að gera leiðréttingu á innskatti vegna fjárfestingar í fasteignum og búnaði í gistirými sem notað er til skattskyldrar starfsemi eftir 1. janúar 1994. Leiðréttingin skal ákveðin sem hlutfall af eignfærðri nýfjárfestingu skattskylds aðila á árunum 1990–[1993]<sup>1)</sup> sem hann hefur greitt virðisaukaskatt af. Hlutfall þetta skal eigi vera hærra en 8% af fjárfestingu á árinu 1990, allt að 11% af fjárfestingu á árinu 1991, [allt að 14% af fjárfestingu á árinu 1992 og allt að 17% af fjárfestingu á árinu 1993].<sup>1)</sup> Leiðrétting þessi tekur ekki til innskatts af fasteignum og búnaði sem hefur verið keyptur eða yfirtekinn af öðrum aðilum í gistihúsarekstri á árunum 1990–1992. [Jafnframt er heimilt að leiðrétta virðisaukaskattsskil ársins 1993 hjá aðilum sem skráðir voru frjálstri skráningu á grundvelli reglugerðar nr. 487/1992.]<sup>1)</sup>

□ Framangreind leiðrétting á innskatti skal gerð með jöfnum fjárhæðum á árunum 1994, 1995 og 1996 [vegna fjárfestingar á árunum 1990–1992].<sup>1)</sup> [Leiðrétting vegna fjárfestingar á árinu 1993 skal gerð með jöfnum fjárhæðum á árunum 1995 og 1996. Heildarkostnaður ríkissjóðs vegna leiðréttingar á árunum 1994–1996 skal að hámarki nema 75 milljónum króna vegna fjárfestingar á árunum 1990–1992 en að hámarki 10 milljónum króna vegna fjárfestingar á árinu 1993. Leiðrétting hvers árs samkvæmt þessari heimild skal háð því skilyrði að aðili hafi haft með höndum skattskylda útleigu á gistirými fram að þeim tíma er til endurgreiðslu kemur.]<sup>1)</sup>

□ Fjármálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis þar á meðal um hlutfall af fjárfestingarkostnaði.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 40/1995, 9. gr. <sup>2)</sup> L. 122/1993, 33. gr.

■ [VIII. Hafi skattstjóri tilkynnt aðila um fyrirhugaðar breytingar á virðisaukaskatti fyrir 1. janúar 1997 skal fara með málið eftir þeim ákvæðum sem í gildi voru fyrir þann tíma.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 149/1996, brbákv. I.

■ [IX. Fari afhending á vinnu manna við endurbætur eða viðhald íbúðarhúsnæðis sannanlega fram fyrir 1. janúar 1997

er heimilt að endurgreiða virðisaukaskatt af henni að fullu, enda sé dagsetning sölureiknings fyrir þann tíma.

□ Hafi verksamningur vegna afhendingar á þjónustu skv. 1. mgr. verið gerður fyrir 1. janúar 1997 og afhending farið fram bæði fyrir og eftir þann tíma skal einungis endurgreiða virðisaukaskatt að fullu af þeirri vinnu sem unnin var fyrir 1. janúar 1997.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 149/1996, brbákv. II.

[Viðauki . . . ]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 149/1996, 10. gr. Um texta viðaukans vísast til Stjtið. A 1996, bls. 489.